



20. bikarúrslitaleikur Akurnesinga

Leikir ÍA í bikarkeppni KSÍ

ÍA hefur leikið 19 úrslitaleiki í bikarkeppni KSÍ frá upphafi keppinnar 1960. Níu leikir hafa unnist og níu leikir tapast. Einum leik lauk með jafntefli árið 1969 en ÍA tapaði í endurteknum leik. Auk þess hefur félagið 10 sinnum komist í undanúrslit keppinnar í leikjum sem töpuðust. Í 45% tilfella hefur félagið komist í undanúrslit keppinnar.

19 úrslitleikir ÍA



- **2003**

ÍA lék gegn FH 27. september 2003 á Laugardalsvelli. „Við höfðum meiri vilja til að sigra og ætluðum að fara út á völl og njóta dagsins eins og menn“, sagði Ólafur Þórðarson, þjálfari ÍA, eftir að bikarinn var kominn í höfn, þar sem Skagamenn lögðu FH-inga 1-0. „Við höfðum meiri vilja til að sigra, þessi titill veltur á því og við sýndum það frá fyrstu mínútu. Við spáðum ekkert í hefð og slíkt, þessir strákar þekkja þetta allt saman og menn vinna ekkert á hefðinni, hún getur hjálpað eitthvað til að taka stressið úr manni en þegar í leikinn er komið vinnur sá sem gefur meira í leikinn.“ Garðar Gunnlaugsson skoraði mark ÍA.



- **2000**

ÍA lék gegn ÍBV 24. september 2000 á Laugardalsvelli. Á Akranesi er ár án titils mjög langt ár sagði í fyrirsögn í dagblaði eftir að ÍA hafði sigrað ÍBV 2-1. Eftir sigurárin 1992 til 1996 höfðu Skagamenn ekki fagnað stórum titli þar til þessi bikarsigur var í höfn. Fögnuður þeirra var að

vonum innilegur og fáir létu gleði sína jafn innilega í ljós þegar flautað var til leiksloka og þjálfarinn Ólafur Þórðarson. Skagamenn hlutu almennt að vera mjög sáttir. Það var langt síðan það hefur komið titill á Skagann og það var því kominn tími á þennan sigur. Baldur Aðalsteinsson og Kári Steinn Reynirsson skoruðu mörk ÍA.

- **1999**

ÍA lék gegn KR 26. september 1999 á Laugardalsvelli. Eftir sjö sigurleiki var komið að tapi gegn KR 3-1. Stefán Þórðarson skoraði mark ÍA. „Það er sorglegt að vera betri aðilinn en tapa samt. Við vorum betri að mínu mati, áttum fullt af færum en munurinn á liðunum í dag fólst í nýtingu á marktækifærum. KR-ingar nýttu sín færi betur en við og því fór sem fór,“ sagði Ólafur Þórðarson þjálfari ÍA, en hann tók við Skagaliðinu fyrir viku síðan, eftir að Loga Ólafssyni var sagt upp störfum.

- **1996**

ÍA lék ÍBV 25. ágúst 1966 á Laugardalsvelli. Sanngjarnt, en umdeildur dómur skipti sköpum, þegar ÍA urðu bikarmeistarar með því að leggja ÍBV að velli, 2-1. Gott veður og frábær stemning var á leiknum. Sigur ÍA var verðskuldaður og fögnuðurinn í lokin ósvikinn. En að öðru leyti var ekki mikill glæsibragur á frammistöðu liðanna. Ekki verður spurt að því þegar frá líður hvernig leikurinn hafi verið heldur hvort liðið hampaði bikarnum. Í leik sem þessum er sigur það eina sem skiptir máli. Ólafur Þórðarson og Haraldur Ingólfsson skoruðu mörk ÍA. Þetta var í fjórða skipti sem ÍA vann bæði deild og bikar á sama ári.



- **1993**

ÍA lék gegn Keflavík 29. ágúst 1993 á Laugardalsvelli. „Það er alltaf gaman að skora mörk og gaman að fagna þeim - en það var ekki fyrr en leikurinn var búinn að besta tilfinningin kom þegar ljóst varð að við hefðum unnið bikarinn. Það skipti ekki máli að ég gerði sigurmarkið, bara að við skyldum sigra,“ sagði Mihajlo Bibercic, serbneski framherjinn í liði Akurnesinga, eftir sigurinn gegn Keflvíkingum, 2-1. Bæði lið hefðu getað skorað meira, og úrslitin í raun getað orðið á hvorn veginn sem var. Skagamenn voru þó sterkari, þannig að sigurinn var sanngjarn. Þórður Guðjónsson skoraði hitt mark ÍA. Þetta var í þriðja skipti sem ÍA vann bæði deild og bikar á sama ári.



- **1986**

Lék gegn Fram 31. ágúst 1983 á Laugardalsvelli. Skagamenn unnu Fram 2:1 í fjögurum og skemmtilegum úrslitaleik að viðstöddum 4.486 áhorfendum. Hvorugu liðinu tókst að skora í fyrri hálfleik, en Pétur Ormslev kom Fram yfir í byrjun seinni hálfleiks. Pétur Pétursson jafnaði

þegar tæpar 20 mínútur voru til leiksloka og hann skoraði sigurmarkið á síðustu sekúndum leiksins. Þrátt fyrir mikið rok var leikurinn góður og leikmönnum beggja liða til sóma.


- **1984**

ÍA lék gegn Fram 26. ágúst 1984 á Laugardalsvelli. ÍA sigraði 2-1 og varð bikarmeistri þriðja árið í röð. Framlengja þurfti leikinn Skagamenn skoruðu eina mark aukatímans og höfðu bikarinn glæsilega með sér upp á Skaga. Fram var lengst af betra liðið á velli og Skagamenn ómarkvissir og þungir á fæti, en Skagamenn nýttu færi sín, sýndu þá seiglu sem einkennir sigurlið ár eftir ár, þau gefast ekki upp þó á móti blási, ÍA vann einnig deildina og því tvöfalt annað árið í röð sem engu öðru liði hefur tekist hér á landi. Guðbjörn Tryggvason og Árni Sveinsson skoruðu mörk ÍA.



- **1983**

ÍA lék gegn ÍBV 28. ágúst 1983 á Laugardalsvelli. Þessi úrslitaleikur var sannarlega hápunkturinn á knattspyrnutímabilinu, enda leikur beggja liða með eindæmum líflægur og góður. Allan leikinn ríkti mikil spenna og aldrei kom dauður kafli í leikinn sem var framlengdur til þess að ná fram úrslitum. ÍA sigraði 2-1. Sannkölluð bikarstemning var á leiknum og stuðningsmenn beggja liða voru sannarlega vel með á nótunum. ÍA léku einum færri lokakaflan en þeir létu það ekkert á sig fá og uppskáru sigur. En það mátti varla á milli sjá hvort liðið myndi hreppa sigur í leiknum, svo jafn var hann. ÍA vann því bæði deild og bikar í fyrsta skipti. Hörður Jóhannesson og Sveinbjörn Hákonarson skoruðu mörk ÍA.



- **1982**

ÍA lék gegn Keflavík 29. ágúst 1982 á Laugardalsvelli. ÍA vann leikinn 2-1 í hörkuspennandi úrslitaleik. Sannkallaður bikarleikur þar sem spenna og barátta var í algleymingi frá upphafi til enda. Betra liðið vann og hefði þess vegna getað unnið stærri sigur. ÍA varð þarna bikarmeistari í annað skipti í tíunda úrslitaleik liðsins. Sigþór Ómarsson og Árni Sveinsson skoruðu mörk ÍA.



- **1978**

ÍA lék gegn Val 27. ágúst 1978 á Laugardalsvelli. Aldrei var spurning hvort liðið var betra í þessum leik. Þetta var dagur Skagamanna í íslenskrí knattspyrnu. Þeim tókst í 9. tilraun að bera sigur 1-0. Sigur ÍA hefði getað orðið stærri eftir gangi leiksins. Hetja Skagamanna í þessum leik var Pétur Pétursson, en þessi mikli markaskorari gerði út um leikinn með fallegu skoti í lok fyrri hálfleiksins. Sennilega dýrmætasta markið á ferli hans. Mark, sem færði bikarinn af Hlíðarenda, þar sem hann hafði verið í tvö ár, og í knattspyrnubæinn Akranes.



- **1976**

ÍA lék gegn Val 12. september 1976 á Laugardalsvelli. Sú hjátrú að það lið sem slær Víking út í bikarkeppni hreppi bikarinn leið undir lok er Valsmenn, Íslandsmeistararnir í knattspyrnu, urðu einnig bikarmeistarar með því að sigra Akurnesinga 3-0. „Í einu dagblaðana var sagt að að það hlyti að liggja fyrir að sú trú skapist að Akurnesingar geti ekki unnið þessa keppni“. Þetta var í áttunda sinn sem þeir léku til úrslita, og allir leikirnir höfðu tapast.

- **1975**

ÍA lék gegn Keflavík 14. september 1975 á Laugardalsvelli. Það voru Keflvíkingar sem héldu heim með hinn nýja bikar sem nú var í fyrsta skipti keppt um. Mark á 34. mín reyndist verða eina mark leiksins og sjöundi ósigur Skagamanna var staðreynd.

- **1974**

ÍA lék gegn Val 14. september 1974 á Laugardalsvelli. Lið Vals vann óvæntan 4-1 stórsigur yfir ÍA. Valsmönnum tókst að hefna harma sumarsins á ÍA í þessum úrslitaleik. Alltof stór sigur miðað við gang leiksins og tækifæri, en eigi að síður verðskuldaður. Þetta var í fyrsta skipti sem setningarathöfn úrslitaleiks var haldinn líkt og tíðkast hefur síðan. Teitur Þórðarson skoraði mark ÍA.

- **1969**

ÍA lék gegn ÍBA Akureyri 30. nóvember 1969 á Melavellinum. Aldrei fyrr hefur það átt sér stað að nauðsynlegt hafi reynzt að gera hlé á úrslitaleik í knattspyrnu vegna veðurs. Í nær 80 mínútur höfðu leikmenn barizt móti SV roki en þá dimmdi skyndilega og yfir gekk með slíku hagléli, að flestir leikmenn voru komnir í kipping til forða berum fótleggjum sínum. Dómarinn sá sitt óvænna, skipaði leikmönnum í húsaskjól og þar stóðu þeir af sér hrinuna. En síðan var leiknum framhaldið og lauk með jafntefli 1-1. Guðjón Guðmundsson skoraði mark ÍA. Í síðari leiknum sem fór fram 6. desember vann ÍBA 3-2 og voru vel að sigrinum komið. Matthías Hallgrímsson og Teitur Þórðrson skoruðu mörk ÍA.



- **1965**

ÍA lék gegn Val 31. október 1965 á Melavellinum. Valur vann verðskuldaðan 5-3 sigur eftir sögulegan leik, því er liðin mættu til leiks var völlurinn hrímfrosin, ef undan eru taldar merkingalínur vallarins. Skúli Hákonarson, Björn Lárusson og Guðjón Guðmundsson skoruðu mörk ÍA.

- **1964**

ÍA lék gegn KR 24. október 1964 á Melavellinum. KR vann 4-0. Þetta var fimmti bikarsigur KR og höfðu þeir nokkra yfirburði í leiknum. ÍA tókst sjaldan að ógna KR markinu og því fór sem fór.

- **1963**

ÍA lék gegn KR 6. október 1963 á Melavellinum. KR vann leikinn 4-1 og höfðu yfirburði allan leikinn. Þetta var fjórðu sigur þeirra í keppnini í röð. Alls voru 5.600 áhorfendur á úrslitaleiknum. Ingvar Elísson skoraði mark ÍA.

- **1961**

ÍA lék gegn KR 22. október 1961 á Melavellinum. KR vann í spennndi leik 4-3 og gátu að nokkru þakkað því heppni. Þeir skoruðu tvö mörk á fyrstu mínútum leiksins, bæði klaufaleg og skrifast á reikning Akranesvarnarinnar. „Leikurinn er búinn“ sögðu sumir, en svo sannarlega var hann ekki búinn, því Akurnesingar gáfust ekki upp og börðust hetjulegri baráttu allt til enda en það dugði ekki til. Mörk ÍA skoruðu Þórður Jónsson (2) og Skúli Hákonarson.

Ýmsir punktar

- **Alls leikir ÍA**

Alls er heildarfjöldi leikja ÍA frá 1946 til þessa dags 2.238 leikir. 1.183 hafa unnist, jafntefli eru 383 og tapaðir leikir 672. Markatalan er 4.849-3.311. Vinningshlutallið er 61,4%.

- **Leikir ÍA gegn Víkingi**

Íslandsmót	68	30	21	17	132	: 86	60%
Íslandsmót deild	4	2	2	0	5	: 2	75%
Bikarkeppni KSÍ	9	7	0	2	24	: 10	78%
Meistarakeppni KSÍ	1	0	0	1	0	: 2	0%
Deildarbikarkeppni KSÍ	9	7	2	0	19	: 6	89%
Æfingaleikir	17	9	6	2	38	: 25	71%
Alls:	108	55	31	22	218	: 131	65%

- **Fyrsti leikur**

Fyrsti leikur ÍA í bikarkeppni KSÍ fór fram 2. október 1960 gegn ÍBK í 8 liða úrslitum og lauk honum með sigri ÍA 6-0. Mörk ÍA skoruðu Ingvar Elísson (4) og Þórður Jónsson (2). Í undanúrslitum var mótherjinn Fram sem vann leikinn 0-2.

- **Bikarleikir**

Úrslitaleikurinn nú verður 168. leikur ÍA í bikarkeppni KSÍ. Unnir leikir eru 111, jafntefli 4 og 52 leikir tapaðir. Markatalan er 412-246. Vinningshlutfall 68%.

- **Leikjahæstu leikmenn ÍA**

Jón Alfreðsson 1966-1982 hefur leikið flesta bikarleiki ÍA 44 talsins og varð tvívegis bikarmeistari 1978 og 1982. Leikjamat Jóns hefur staðið í 39 ár. Guðjón Þórðarson 1972-1986 hefur leikið 42 leiki og orðið í fimm skipti bikarmeistari 1978,1982,1983,1984 og 1986.

- **Markahæstu leikmenn ÍA**

Teitur Þórðarson 1969-1976 er markahæstur leikmanna ÍA í bikarkeppnini með 16 mörk. Markamet Teits hefur staðið í 45 ár. Hjörtur Hjartarson 2000-2014 er næstmarkahæstur með 15 mörk. Hjörtur varð tvívegis bikarmeistari 2000 og 2003.

- **Lykilleikir**

Í fyrstu tvö skipti sem Víkingur komst í úrslit bikarkeppninar var ÍA mótherji þeirra í undanúrslitum. Í eitt skipti 1982 þegar ÍA fór í úrslitaleik sló það út Víking þáverandi íslandsmeistara í undanúrslitum. Í önnur tvö skipti 1982 og 1993 var Víkingur mótherji ÍA á leið þeirra að verða bikarmeistari

- **Leikir gegn Víkingi**

Leikir ÍA í bikarkeppni eru níu talsins. Sjö leiki hefur ÍA unnið og tveir hafa tapast. Markatalan 24 mörk skoruð gegn 10 mörkum. Vinningshlutfall er 78%.

Leikirnir liðanna í bikarkeppni eru þessir

1967	4 liða úrslit.	ÍA - Víkingur	1-2
1971	4 liða úrslit	ÍA - Víkingur	0-2
1976	16 liða úrslit	ÍA - Víkingur	3-0
1982	4 liða úrslit	ÍA - Víkingur	2-1
1992	8 liða úrslit	ÍA - Víkingur	3-2
1993	8 liða úrslit	ÍA - Víkingur	4-1
1999	8 liða úrslit	ÍA - Víkingur	5-0
2001	16 liða úrslit	ÍA - Víkingur	4-1
2007	16 liða úrslit	ÍA - Víkingur	2-1